110 4. Leggja má allt að 15% við höfuðstól sjóðsins eða geyma til næsta árs, eftir því
12. sept. sem stjórn sjóðsins ákveður.
5. Verja má þeim hluta er getur í 3. og 4. lið á sama hátt og í 2. lið greinir, ef sjóðstjórnin telur mikla nauðsyn á.

3. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á viðaukaskipulagsskrá þessari.

111
20. sept.

# REGLUGERÐ

## um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

8. töluliður í b-lið 3. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

8. svæði: Reykjavík
1. janúar — 15. maí
1. september — 31. desember

2. gr.

8. töluliður í c-lið 3. gr. orðist svo:

8. svæði: Reykjavík
15. febrúar — 11. maí
1. september — 31. desember

3. gr.

27. töluliður í d-lið 3. gr. orðist svo:

27. svæði: Ólafsfjörður
1. apríl — 30. nóvember

Reglugerðarbreyting þessi er sett samkvæmt lögum nr. 48 25. maí 1949, um hlutatryggingasjóð bátaútvegsins, og öðlast gildi þegar í stað.

*Atvinnumálaráðuneytið, 20. september 1955.*

**Ólafur Thors.**

*Þorv. K. Þorsteinsson.*